

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um málshöfðun gegn lands- 62
sjóði. — Með þóknanlegu brjefi 9. desbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað 22. febr.
að erindi frá Lárusi yfirdómara Sveinbjörnssyni, þar sem hann sækir um leyfi til að
beina á hendur landshöfðingjanum fyrir landssjóðs hönd málssókn þeirri, er hann ætlar
að hefja móti landssjóði út af því, hvort heimild hafi til verið að skipa að halda aptur
af yfirdómaraunum hans fyrir janúarmánuð þ. á. 164 kr. 45 aur, er álitid var, að hon-
um hafi of greitt verið sem settum bæjarfógeta í Reykjavík og sýslumanni í Gullbringu-
og Kjosarsýslu um tímabilið frá 1. maí til 6. júní 1878. Út af þessu tjái jeg yður til
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir þeim, er hlut á að máli, að jeg veiti leyfi
þetta.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stjórnartíðindi handa 63
hjeraðslæknum. — Í þóknanlegu brjefi dags. 30. nóvember f. á. hafið þjer, herra lands- 27. febr.
höfðingi, lagt það til, að hjeraðslæknarnir á Íslandi megi eptirleiðis fá ókeypis hver eitt
eintak (exemplar) af stjórnartíðindunum, þannig, að þeir skuli skyldir að geyma það og
láta það fylgja skjalasafni læknisembættisins og afhenda það ásamt skjalasafninu eptir-
manni sínum í embættinu. Út af þessu vil jeg eigi láta hjá líða að tjá yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, að jeg fellst á tillögu yðar, og get
jeg þess jafnframt, að eintaka-fjöldi sá, er hingað til hefir verið sendur yður, herra lands-
höfðingi, af A-deildinni, mun aukinn verða frá byrjun þessa árs um 25, svo að þjer
fáið. alls 850 eintök.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um linun á landsskuld af 64
þjóðjörðum. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað með þóknanlegu brjefi 24. 28. febr.
nóvember f. á. erindi frá leiguliðunum á nokkrum landssjóðs-jörðum, er heyrar undir
Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboð ásamt með álitu umboðsmanns og amtmanns;
sækja leiguliðarnir þar um, að þeim verði veittar bætur fyrir tjón það, sem jarðir þeirra
hafa beðið veturinn 1880—81 og vorið 1881 af skriðuhlaupi og sandfoki, að sumu leyti
með því, að þeim verði veitt uppgjöf á landskuldum, og að sumu leyti með því, að
landssjóðurinn taki þátt í kostnaðinum við að bæta úr tjóninu. Jafnframt hafið þjer,
herra landshöfðingi, látið í ljósi, að eptir því, sem fram er komið um það, hversu tjóni
þessu sje varið, muni líklega verða nauðsynlegt að gefa landsetunum eitthvað eptir af
landsskuldunum fyrir þetta fardaga-ár og, ef til vill, fyrir eitt eða fleiri eptirkomandi ár,
ef landssjóður eigi ekki að eiga það á hættu, að leiguliðarnir segi lausri ábúð sinni á
jörðunum. Auk þess hafið þjer getið þess, að bæði sanngirni og svo reglur þær, er
venjulega hefir fylgt verið um landssjóðs-jarðir, mæli með því, að landsdrottinn taki að
nokkrum hlut þátt í að greiða kostnað þann, er landsetar hafa af því, að bæta áföll þau,
er ábúðarjarðir þeirra hafa orðið fyrir, eða af því, að fyrirbyggja áföll á þær framvegis,
einkum skriðuhlaup, sandfok, og því um líkt; en hinsvegar hafið þjer álitid, að eigi
bæri að greiða slíkan styrk, fyrri en endurbótunum sje lokið á þann hátt, er hagkvæm-
ur sje, og nákvæmar skýrslur sjeu fyrir höndum bæði um kostnaðinn við verkið og um
það, hversu það sje af hendi leyst, svo að unnt sje að taka nánari ákvörðun um, hve
mikinn styrk landssjóður eigi að láta í tje.

2. dag maí. 1882.